446. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 10. nóvember 2022 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:
Finney Rakel Árnadóttir formaður, Þórarinn B. B. Gunnarsson varaformaður, Magnús Einar Magnússon var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Pétur Óli Þorvaldsson, Steinunn Guðný Einarsdóttir aðalmaður og Elísabet Samúelsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Elísabet Margrét Jónasdóttir.
Embættismenn:
Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Dagskrá:

1. **verkefnalisti fræðslunefndar 2022-2026 - 2022060054**

   Staða verkefna á verkefnalista fræðslunefndar kynnt.

   Lagt fram til kynningar.

2. **Starfsáætlanir og skýrslur leikskóla í Ísafjarðarbæ skólaárið 2022-2023 - 2022080078**

   Lögð fram starfsáætlun leikskólans Grænagarðs á Flateyri, fyrir skólaárið 2022-2023.

   Lagt fram til kynningar.

3. **Skólaakstur í Skutulsfirði - 2022100030**

   Lagt fyrir að nýju mál varðandi skólaakstur í Skutulsfirði, en málið var tekið fyrir á 445. fundi fræðslunefndar þann 13. október. Lagt fram minnisblað Hafdísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, dags. 8. nóvember ásamt minnisblaði sem lagt var fyrir bæjarráð þann 31. október 2022.

   Fræðslunefnd leggur til við bæjarráð að lágmarksfjarlægð frá skóla til heimilis barna varðandi rétt til skólaaksturs verði 1,2 km. Samningur Ísafjarðarbæjar um skólaakstur rennur út í júní 2023 og skal hann þá endurskoðaður með tilliti til fjölda barna sem þurfa að nýta sér skólaakstur innan þéttbýlis Ísafjarðarbæjar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:13

Finney Rakel Árnadóttir

Þórarinn B. B. Gunnarsson

Pétur Óli Þorvaldsson

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Elísabet Margrét Jónasdóttir

Guðrún Birgisdóttir

Hafdís Gunnarsdóttir